

Fyrirspurn

til fjármálaráðherra um nauðasamninga samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hve margir einstaklingar hafa leitað heimildar til samninga um greiðslu eignarskatts eða tekjuskatts skv. 3. mgr. 111. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og hversu margir hafa leitað nauðasamninga við skuldheimtumenn skv. 4. mgr. sömu greinar frá 1. janúar 1998 til 1. október 2002, sundurliðað eftir árum?
2. Hversu margir slíkir samningar hafa verið gerðir frá 1. janúar 1998 til 1. október 2002, sundurliðað skv. 3. og 4. mgr. 111. gr. laganna?
3. Hve háar fjárhæðir hefur verið samið um á framangreindu tímabili? Svar óskast sundurliðað eftir umsóknum.
4. Mun ráðherra beita sér fyrir breytingu á lögnum sem miðar að því að gera úrræðið skilvirkara fyrir fólk í fjárhagsörðugleikum?

Skriflegt svar óskast.